

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 188/2015**

2017/EES/3/14

frá 10. júlí 2015

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/123/EB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti aðlögunarliðarins í lið 56v (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB) falli brott.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 56v (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0123**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/123/EB frá 21. október 2009 (Stjtið. ESB L 280, 27.10.2009, bls. 52).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/123/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 280, 27.10.2009, bls. 52.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila****vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2015 frá 10. júlí 2015 sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/123/EB inn í EES-samninginn**

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/123/EB byggir á 80. gr. EB-sáttmálans (nú 100. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) og miðar að því að bæta siglingaöryggi og auka vernd sjávarumhverfis. Þessu skal náð fram með beitingu lagalegra úrræða sem kveðið er á um í refsirétti. Samningsaðilar hafa komið sér saman um að tilskipun þessi skuli felld inn í EES-samninginn. Samningsaðilar eru á einu máli um að upptaka tilskipunar 2009/123/EB sé með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins og taka mið af því að í kjölfar gildistöku sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins geti löggjafi ESB samþykkt lágmarksreglur skv. 2. mgr. 83. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um skilgreiningu refsiverðra brota og viðurlaga í sérstökum málaflokki ESB ef „nauðsynlegt reynist [...] til að tryggja skilvirka framkvæmd stefnu Sambandsins á sviði þar sem samræmingarráðstafanir hafa verið gerðar“. Framtíðarlagaákvæði sem verða samþykkt skv. 2. mgr. 83. gr. munu ekki varða EES.“